

Nd.

25. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson, Guðbr. Ísberg, Jón Sigurðsson,
Pétur Ottesen, Jón Pálmason.

1. gr.

1. tölul. 11. gr. laganna orðist svo:

Ekkja eða ekill, nema hjónin hafi verið skilin að lögum og annað eigi notið framfærslustyrks frá hinu látna, hljóta 3000 krónur.

5. tölul. sömu gr. orðist svo:

Foreldrar eða foreldri hins látna, ef þau eða það hafa annazt uppeldi hans eða framfærslu systkina hans í ómegð, hljóta 2500 krónur. — Framkvæmd þessa ákvæðis miðast við gildistöku alþýðutryggingarlaganna (1. apríl 1936).

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrabátum, en teljast ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögnum, hafa rétt til þess að tryggja sig á sama hátt og tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyrir hverja viku, og greiðist hinn helmingurinn úr ríkissjóði.

3. gr.

2. tölul. 47. gr. orðist svo:

Af öðrum lífeyrissjóðum, sem lagðir kunna að verða til lífeyrissjóðs Íslands, svo og af ellistyrktarsjóðum, þegar hlutverki þeirra er lokið samkv. VI. kafla þessara laga.

4. gr.

Fyrir „67 ára“ í endi fyrri málsg. 48. gr. komi: 60 ára.

5. gr.

Fyrri málsg. 49. gr., tölul. 1—2 orðist svo:

1. 5 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kaupstöðum og í kaптúnunum, er hafa yfir 300 íbúa, og 3 krónum fyrir þá, er annarsstaðar eru heimilisfastir.
2. Hálfum af hundraði af skattskyldum árstekjum samkv. skattalögum.

6. gr.

4. tölul. 50. gr. orðist svo:

Greitt iðgjöld í lífeyrissjóð embættismanna eða barnakennara (l. nr. 51/1921 og nr. 33/1921).

7. gr.

Fyrir „67 ára“ í fyrstu málsgr. 51. gr. komi: 65 ára.
Fyrir „68“, „69“, „70“, „71“ komi: 66, 67, 68, 69.

8. gr.

Fyrir „16--67“ í fyrri málsgr. 52. gr. komi: 16--65.

9. gr.

4. tölul. 54. gr. orðist svo:
Nýtur lífeyris úr lífeyrissjóði embættismanna eða barnakennara.

10. gr.

60. gr. orðist svo:
Lögreglustjórar (tollstjóri í Reykjavík) annast innheimtu iðgjalda og fá (utan Reykjavíkur) innheimtulaun 2% af upphæð gjaldanna.
Bæjar- og sveitarstjórnir greiða iðgjöld (persónugjöld) þeirra tryggingarskyldra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

11. gr.

Fyrir „67 ára“ í fyrstu málsgr. 61. gr. komi: 60 ára.

12. gr.

62. gr. laganna falli burt.

13. gr.

V. kafli laganna, 63.--74. gr. (báðar meðtaldar), falli burt. Greinatala í lögnum (og kafلاتala) breytist samkvæmt hurtfellingum.

14. gr.

Fyrir „67 ára“ í þriðju málsgr. 79. gr. komi: 65 ára.
Orðin „að frádreginni — vöxtum ellistyrktarsjóðanna“ í öðrum másl. sömu málsgr. falli burt.

15. gr.

Fyrir „67 ára“ í fyrstu málsgr. 80. gr. komi: 65 ára.

16. gr.

Við aðra málsgr. 81. gr. bætist nýr másl., svo hljóðandi:
Og enn fremur þeir menn yngri en 65 ára, sem við gildistöku laganna voru orðnir fullra 60 ára.
Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Með tillagi sveitarsjóða teljast tilfallnir vextir af ellistyrktarsjóði hlutaðeigandi hrepps.

17. gr.

Í fyrri málsgr. 89. gr. fellur burtu síðari másl. („Menn, sem ... lífeyrissjóðs Íslands“).

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 49 7. apríl 1936 (um frestun á framkvæmd o. s. frv.).

Greinargerð.

Það mun óhætt að fullyrða, að fá eða engin lög, er sett hafa verið á landi hér og varða allan almenning, hafa þegar á fyrsta ári orðið eins óvinsæl og alþýðutrygg-

ingalögin nýju, og valda þar um bæði hin giferlega auknu gjöld á alþýðu manna og héruðum (sveitarfélögum) og eins hin næsta vafasömu hlunnindi, sem í móti ætlu að koma, og allt er þetta andstætt því, sem meðhaldsmenn þessarar lagasetningar báru fram í öndverðu til þess að gylla málið. Á Alþingi því (1935), er lögin voru samþykkt, kom þó fram megn andstaða gegn þessum ákvæðum, fleirum eða færri, og mátti segja, að sum þeirra næðu aðeins samþykki með nokkurskonar hlunnbrögðum, — en sjálfstæðismenn í Nd. báru fram tillögu um frestun á afgreiðslu málsins (með rökst. dagskrá), svo að það mætti hljóta frekari og betri undirbúning og kannaður yrði vilji sjálfra kjósendanna í landinu og héraðanna um þessi atriði, en stjórnarflokkarnir beittu sér öndverðir gegn þessu. Síðan hefir um framkvæmd laganna staðið styr og óánægja, sem of langt er hér að rekja, enda er þetta alkunnugt.

Það þykir nú sjálfsagt að hera fram tillögur til breytinga á þessari lög-gjöf, er m. a. styðjist við þegar fengna reynslu af framkvæmdinni, og er það gert með frv. þessu. — Þess skal þegar getið, að sleppt er hér að sinni að gera breytingar á III. kafla laganna, sjúkratryggingunum, er þarfnast alveg sérstakrar athugunar með hliðsjón af ástandinu í kaupstöðum og hinum fjölmennari kauptúnum (þar sem m. a. hafa hlotizt vandkvæði af því, að tilverandi sjúkrasamlög eru allri aðstoð svipt af hálfu hins opinbera, nema þau — nauðug viljug — gangi inn undir hin nýju lög), o. s. frv. Og annar heill kafli, sem sé V. kafli, um atvinnuleysistryggingarnar, er lagt til, að verði að öllu felldur burt úr lögnum, með því til þess var allt óundirbúið að setja um það lagaákvæði, og hefir síðan, eins og vænta mátti, verið tómmt og dautt pappírsgagn, — sem jafnvel „stjórn hinna vinnandi stétta“, er kallar sig svo, hefir ekki séð sér fært að eiga neitt við. Að öðru leyti er reynt með frv-greinunum að bæta úr þeim helztu ágöllum, sem á lögnum eru yfirleitt og í einstökum atriðum, og má vitanlega enn meiri bætur gera eða breyta fleiru til samræmis við meðferð málsins í þinginu.

Meðal annars má telja þessar breytingar frv.:

1. Lagfært (í slysatr.kaflanum) um dánarbætur til eftirlifandi hjóna, og einkum færðar til fyrra og réttlátara horfs dánarbætur til foreldra, sem hafa orðið illa fyrir barðinu á hinni nýju löggjöf.
2. Tekið aftur upp ákvæðið um frjálsa vikutryggingu róðrabáta með hálfu ið-gjaldi, þar sem ekki er hægt að stunda vertíð.
3. Gjaldskyldu-aldur ellitryggðra yfirleitt færður niður í 60 ára takmarkið (ekki 67 ára) — og verður þá gjaldfrjálst tímabil fyrir fólk á þessum aldri úr því, þótt eigi hljóti það ellilaun fyrr en 65 ára (fært niður úr 67 ára), nema sá hluti þess, er orðinn var fullra 60 ára, er lögin komu í gildi. (Bráðab.lög nr. 100 23. sept. 1936 verða því óþörf, með þessari breytingu á sjálfum lögnum).
4. Iðgjöld þessarar tryggingar eru lækkuð öll, — niður í 5 kr. í kaupstöðum og kauptúnum (úr 7 og 6 kr.) og í 3 kr. alstaðar annarsstaðar (úr 5 kr.) fyrir persónu, og af skattskyldum tekjum greiðist aðeins hálfur af hundraði, fyrir heilan af hundraði eftir lögnum.
5. Vextir ellistyrktarsjóða hreppanna skulu (að sjálfsgöðu) teljast — meðan milli-bilsástand núverandi VI. kafla laganna helzt — með í tillagi sveitarfélaganna og úthlutast af sveitarstjórnnum, en á móti leggi lífeyrissjóður fullt: leiðréttist með því hið hróplega ranglæti, sem lögin hafa gefið tilefni til í þessu efni. (Til greina gæti og komið, að nefndum vöxtum yrði algerlega haldið sér til úthlutunar).
6. Lífeyrissjóður embættismanna og barnakennara eiga að halda sér sem sjálfstaðar stofnanir eins og hingað til, og mun flestum þykja það eðlilegt o. s. frv. Nánar verður málið væntanlega útskýrt í framsögu.